



Héraðsskjalasafn  
Vestmannaeyja

# Ársskýrsla 2001

Héraðsskjalasafnið var starfrækt með svipuðu sniði og undanfarin ár.

## Opnunartími:

Safnið var opið þrjá daga í viku, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 11.00-17.00.

## Starfslið:

Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður er í 50% starfi.

## Fyrirspurnir:

Skráðar voru 82 (82) fyrirspurnir eða erindi, sem er sama tala og á árinu á undan.

Gestir á lesstofu voru 23 (17).

## Aðföng:

Aukning varð á aðföngum til safnsins á árinu, og voru þau 490 (487) móttekin og skráð skjalanúmer frá bæjarskrifstofu, einstaklingum og félögum.

Meðal aðfanga sem héraðsskjalasafninu bárust á árinu var skjalasafn Verkalýðsfélags Vestmannaeyja og Verkakvinnafélagsins Snótar í Vestmannaeyjum. Drífandi stéttarfélag afhenti söfnin.

## Millisafnalán:

Þjóðskjalasafn Íslands lánaði safninu míkrofílmur af krikjubókum um mánaðarskeið yfir hásumarið, meðan á árlegri sumarlokun Þjóðskjalasafns stóð.

## Norræni skjaladagurinn:

Laugardaginn 10. nóvember var Norræni skjaladagurinn (Arkivernes Dag) haldinn hátíðlegur. Ákveðið var að viðfangsefni dagsins skyldi verða ástin í sem víðasta skilningi þess orðs.

Í tilefni dagsins var Héraðsskjalasafnið opið, og sett upp sýning með sýnishornum af efni tengdu ástinni sem varðveitt eru á safninu ásamt ljósmyndum úr eigu Ljósmyndasafns Vestmannaeyja er tengjast viðfangsefninu.

Jafnframt ritaði skjalavörður grein í héraðsfréttablöðin, þar sem Vestmannaeyingar voru hvattir til þess að hugsa sig tvisvar um áður en þeir hentu skjölum sem tengdust einkalífi fólks. Minnt var á að hægt er að afhenda skjöl til safnsins með skilyrðum. Blaðgreinin vakti talsverða athygli á safninu í bænum.

\*Tölur í sviga frá 2000

Vestmannaeyjum í apríl 2002

Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður